



Reykjanesbær, 29. maí 2026

720. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910  
2. júní 2026, kl. 17:00

### DAGSKRÁ

1. Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026 (2026010121)
2. Kosningar til eins árs samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1150/2024 (2026050305)
3. Ráðning bæjarstjóra (2026050339)
4. Breyting á samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar – fyrri umræða (2026050381)
5. Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir til fjögurra ára sbr. 57. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1150/2024 (2026050306)
6. Siðareglur kjörinna fulltrúa (2026050308)
7. Fundargerð bæjarráðs 28. maí 2026 (2026010008)
8. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 22. maí 2026 (2026010016)
9. Fundargerð sjálfbærnisráðs 27. maí 2026 (2026010014)

## SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa hjá Reykjanesbæ

### 1. gr. Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Reykjanesbæjar og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum.

### 2. gr. Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Reykjanesbæjar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins, og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnáslu.

### 3. gr. Ábyrgð.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

### 4. gr. Háttvísi og valdmörk.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi. Fulltrúum ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Reykjanesbæjar við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram. Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Reykjanesbæjar.

### 5. gr. Misbeiting valds.

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

### 6. gr. Gjafir og fríðindi.

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptavinum eða þeim sem leita eftir þjónustu Reykjanesbæjar ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

### 7. gr. Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá bæjarstjórn, bæjarráði, eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans. Kjörnir fulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Um hæfi þeirra um meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 8. gr. Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins. Við störf

sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé, byggingum bæjarins, bílum, tækjum og tólum.

#### **9. gr. Stjórnsýslueftirlit.**

Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit hjá Reykjanesbæ og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

#### **10. gr. Að virða hlutverk starfsmanna.**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Reykjanesbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

#### **11. gr. Trúnaður.**

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

#### **12. gr. Stöðuveitingar.**

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

#### **13. gr. Bann við að tryggja sér stöður.**

Kjörnir fulltrúar skulu ekki í störfum sínum fyrir sveitarfélagið leita eftir starfslegum ávinningi í framtíðinni.

#### **14. gr. Ráðsmennska.**

Kjörnir fulltrúar skulu taka fullt tillit til umbjóðenda sinna og veita þeim þá bestu þjónustu sem þeim er unnt. Þetta felur m.a. í sér að

- Leysa verkefni eftir bestu getu á sem skemmstum tíma hvort sem verkefni eru stoðverkefni milli sviða, verkefni nefnda eða bein úrlausn fyrir bæjarbúa.
- Upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til lausnar verkefna og vandamála.
- Virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

#### **15. gr. Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, embættismanna og almennings.**

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Þær skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins og fjölmiðlum til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Staðfest af bæjarstjórn Reykjanesbæjar xx. xx 2026



## Fundargerð

1565. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
28. maí 2026, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Dána Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðbergur Reynisson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheytnarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.  
Margrét Þórarinsdóttir, Jón Már Sverrisson sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá **Stapabraut 15 - þróunarsamningur (2026030317)**. Fjallað var um málið undir dagskrárlíð 11.

\* \* \*

### 1. Slit Keilis (2026050032)

Tilkynning um slit Keilis lögð fram ásamt ársreikningi og slitareikningi félagsins.

### 2. Aðalfundur Kadeco - Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 28. maí 2026 (2026050248)

Aðalfundarboð lagt fram. Bæjarráð felur Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur fulltrúa Reykjaneshæjar í stjórn Kadeco að fara með atkvæði Reykjaneshæjar á fundinum.

### 3. Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2. mars og 10. apríl 2026 (2026020369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

### 4. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 8. maí 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 5. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 13. maí 2026 (2026010317)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

### 6. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 21. maí 2026 (2026010077)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

### 7. Fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur 22. maí 2026 (2026020271)

Lögð fram til kynningar fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur.

**8. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 21. maí 2026 (2026030285)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

**9. Fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja 21. maí 2026 (2026050323)**

Lögð fram til kynningar fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja.

**10. Fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs ses. 26. maí 2026 (2026010487)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.

**11. Stapabraut 15 - þróunarsamningur (2026030317)**

Lagður fram þróunarsamningur milli Reykjanesbæjar og Reita vegna Stapabrautar 15.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:53.



## Fundargerð

389. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshafnar, haldinn að Grænásbraut 910  
22. maí 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingarfulltrúa og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Tillaga að staðarheiti (2026050245)

Helga María Finnbjörnsdóttir leggur fram fh. umhverfis- og skipulagsráðs tillögu um merkingar við gömul bæjar- og sveitarfélagamörk Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið og vísar verkefninu til deildarstjóra umhverfismála sem vinnur málið áfram.

### 2. Framtíðarsýn Reykjaneshafnar 2035 (2025080301)

Lögð er fram í þriðja sinn framtíðarsýn fyrir starfsemi Reykjaneshafnar til komandi tíu ára sem unnin er af stjórn og stjórnendum Reykjaneshafnar, en fyrri skýrslur voru lagðar fram 2022 og 2018. Í skýrslunum er horft fram um tíu ár í starfsemi hafnarinnar og dregnar upp sviðsmyndir sem gætu raungerst gangi áætlaður rekstur og uppbygging hennar eftir. Skýrslunni er ætlað að vera upplýsingagefandi fyrir nýja stjórn Reykjaneshafnar sem tekur við að afloknum komandi sveitarstjórnarkosningum.

Lagt fram til kynningar.

### 3. Hraunavá á Reykjanesskaga - langtímahættumat (2026050256)

Veðurstofa Íslands gefur út skýrslu um Hraunavá á Reykjanesskaga - langtímahættumat 2026. Skýrslan inniheldur langtímahættumat vegna hraunavár, hættumatið nær frá Reykjanestá í vestri að Ölfusá í austri og Hvalfirði í norðri.

Lagt fram til kynningar.

### 4. Suðurgata 1 - fyrirspurn (2026030484)

Óskað er eftir því að fá að hækka þakið og mynda rishæð. Allur grunnur hússins yrði styrktur og reynt að hafa hæð þaks svipaða og á Suðurgötu 3. Einnig er óskað eftir að byggja við bílskúr tvær íbúðir til útleigu.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir hækkun á risi með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2. Ósk um viðbyggingu við bílskúr hafnað.

#### 5. **Iðavellir 10b - lóðarstækkun (2026050061)**

Ingví Þór Sigríðarson óskar eftir lóðarstækkun fyrir Iðavelli 10b. Lóðin Vatnholt 8 minnki að sama skapi.

Stækkuð lóð verður utan athafnasvæðis og innan íbúðasvæðis skv. aðalskipulagi. Samþykki lóðarhafa Vatnsholts 8 liggur ekki fyrir. Erindi hafnað.

#### 6. **Gagnaver Verne matsskylda - umsögn (2026010494)**

Verne Global ehf. áformar uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafslvélum utanhúss á 24.000 m<sup>2</sup> lóð. Áætluð raforkuþörf fyrir hýsingu tölvukerfa verður allt að 120 MW auk álags frá öðrum innviðum gagnaversins s.s. kælikerfum. Gagnaverið verður byggt upp í þremur 40 MW áföngum. Framkvæmdatími er áætlaður frá 2026-2028.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2026 samþykkt.

#### 7. **Hafnargata 23 - bílastæði (2026050192)**

Hanna Þurý Ólafsdóttir fh. Zolo & Co leggur fram erindi þar sem óskað er eftir heimild til að sérmerkja tvö bílastæði fyrir framan Hafnargötu 23 sem einkastæði fyrir viðskiptavinum Zolo & Co á virkum dögum milli kl. 11-18.

Erindi hafnað. Mikilvægt er að skoða hvort að bílastæði við Hafnargötu t.d. milli Ránargötu og Aðalgötu verði 60 mínútna stæði milli kl. 10-18.

#### 8. **Fuglavík 19 - stækkun á byggingareit (2026040019)**

Lúðvík Fasteignafélag ehf. óskar eftir breytingu á byggingareit. Erindinu var hafnað á 388. fundi umhverfis- og skipulagsráðs en ný gögn hafa borist sbr. uppdrátt Glóru dags 13. maí 2026.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 43. grein skipulagslaga málsgrein 2.

#### 9. **Bergvík nýtt aðal- og deiliskipulag - umsögn (2026010494)**

Suðurnesjabær leggur fram vinnslutillögu að aðal- og deiliskipulagi fyrir Bergvík vegna uppbyggingar K64 hringrásariðngarðs í Helguvík og Bergvík. Óskað er umsagnar Reykjanesbæjar.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur áherslu á iðnað sem samræmist íbúðarbyggð í Reykjanesbæ. Uppbygging iðnaðar skal uppfylla skilyrði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Mikilvægt er að íbúum í nágrenni iðnaðarsvæðis verði tryggð heilnæm lífsskilyrði og njóti heilnæms og ómengaðs umhverfis, í samræmi við markmið laganna.

Ráðið gerir alvarlegar athugasemdir við áætlaðan reykþá sem skv. gögnum gæti trónað í 150m hæð yfir sjó og þar með myndað helsta kennileitið á Reykjanesi.

Einnig óskar ráðið eftir samtali milli Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um fráveitumál svæðisins ásamt vegtengingum á milli sveitarfélaganna.

#### 10. **Suðurnesjabær breyting á aðal- og deiliskipulagi - umsögn (2026010494)**

Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar á íbúðasvæði ÍB-10 og OP-2, Skerjahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skerjahverfis, fyrir íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við breytingarnar.

**11. Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 22. apríl 2026 (2026020008)**

Fundargerð 142. fundar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.



## Fundargerð

71. fundur sjálfbærniráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
27. maí 2026, kl. 11:00

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður og Bjarni Halldór Heiðuson.

Að auki sátu fundinn Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll og sat Bjarni Halldór Heiðuson fundinn í hans stað. Athena Júlía Józefudóttir, Guðni Ívar Guðmundsson og Þóranna Kristín Jónsdóttir boðuðu forföll.

\* \* \*

### 1. Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136)

Reykjaneshæ er eitt af fimm þátttökusveitarfélögum í verkefni C.10 - Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. Verkefnið er aðgerð í nágildandi byggðaaætlun stjórnvalda og er unnið í samstarfi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Byggðastofnunar, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnunar. Á grundvelli viðkvæmnimatsins var útbúinn aðgerðabanki með 30 aðgerðum, þar af níu forgangsaðgerðum sem miða að því að efla seiglu samfélagsins til skemmri og lengri tíma og draga úr tjónnæmi Reykjaneshæjar af völdum loftslagsáskorana, sér í lagi vegna ofsaveðurs.

Sjálfbærniráð telur mikilvægt að framfylgja þeim aðlögunaraðgerðum sem fram koma í skýrslu Byggðastofnunar, Aðlögun Reykjaneshæjar að áhrifum loftslagsbreytinga. Sjálfbærniráð vísar málinu til bæjarráðs og ítrekar mikilvægi þess að aðgerðalistinn fái ábyrgðarmann, einkum í ljósi fyrri sögu um ofsaveður og framtíðarsviðsmynda.

### 2. Svæðisáætlun í landgræðslu og skógrækt (2021040047)

Svæðisáætlun Reykjaneshæjar í landgræðslu og skógrækt var gefin út árið 2025 og hefur nýst til fjölmargra verkefna. Reykjaneshæ fékk úthlutað styrk úr Landbótasjóði Lands og skógar fyrir árið 2026 að upphæð 999.000 kr., einnig fékk sveitarfélagið styrk árið 2025 að upphæð 382.000 kr. Styrkurinn er ætlaður til dreifingar áburðar annars vegar og sáningar á birki hins vegar.

Sjálfbærniráð fagnar samningum við atNorth og Crusoe um skógrækt á Njarðvíkurheiði til næstu 5 ára. Samningarnir gera ráð fyrir gróðursetningu á 65.000 skógarplöntum. Í Innri-Njarðvík er einnig farið af stað Smáskógaverkefni og stendur til að gróðursetja 10.000 skógarplöntur.

Sjálfbærniráð fagnar einnig metnaðarfullri svæðisáætlun Reykjaneshæjar sem stuðlar að grænni og betri bæ.

### 3. Endurheimt votlendis (2025040420)

Sjálfbærnisráð leggur áherslu á að gætt verði að votlendinu á Fitjum og lífríkinu þar en það er í raun eina votlendið innan sveitarfélagsins. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði fyrir íbúa Reykjanesbæjar og styður við líffræðilega fjölbreytni.

### 4. Græn stefna Reykjanesbæjar (2024090580)

Lagt er fram Græna planið sem er heildarstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Stefnan er rammi utan um framtíðarsýn borgarinnar og meginmarkmið sem stýra áherslum þvert á alla starfsemi borgarinnar. Meginmarkmið stefnunnar eru byggð á þremur víddum sjálfbærni: umhverfi, efnahag og samfélagi. Sjálfbærni þarf að taka tillit til allra þessara þátta.

Sjálfbærnisráð telur mikilvægt að Reykjanesbær setji sér heildræna græna stefnu sem byggir á UFS þáttum sem eru umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir. Þannig getur sveitarfélagið með markmiðasetningu og upplýsingagjöf sýnt samfélagslega ábyrgð í verki. Undir slíkri stefnu ætti sjálfbær innkaupa- og fjármálastefna heima en einnig umhverfis- og loftslagsstefna sveitarfélagsins. Sjálfbærnisráð leggur til að málinu verði vísað til bæjarstjóra, fjármálastjóra og innkaupastjóra til skoðunar.

### 5. Hátæknibrennslustöð (2026010544)

Sjálfbærnisráð telur mikilvægt að Reykjanesbær taki formlega afstöðu til hátæknibrennslustöðvar byggða á gögnum og greiningum sem taka til umhverfis, félagslegra og fjárhagslegra þátta. Hagsmunahópur sorpsamlaga og ráðuneyta hefur gefið út sérfræðiskýrslur sem benda til þess að bygging 140 þúsunda tonna hátæknibrennslustöðvar í Helguvík sé fjárhagslega hagkvæmasti kosturinn. Varðandi staðsetningu í Helguvík þarf að hafa í huga fyrri sögu svæðisins tengda afstöðu íbúa en einnig flutningsleiðir sorps. Tvöföldun Reykjanesbrautar er ekki lokið en starfsemi hátæknibrennslustöðvar felur í sér þungaflutninga í stórauðnum mæli og mögulega skipaflutninga. Sjálfbærnisráð telur brýnt að greina hagsmuni Reykjanesbæjar vegna verkefnisins.

Sjálfbærnisráð vísar málinu til bæjarstjóra til frekari skoðunar.

### 6. Sjálfbærniuppgjör 2021-2025 (2021010385)

Sjálfbærnisráð fagnar góðu sjálfbærniuppgjöri ársins 2025. Heildarlosun sveitarfélagsins minnkar í umfangi 1, 2 og 3 þegar litið er til markaðsaðgerða. Heildarorkunotkun minnkar um tæpar 7.000 kWst á milli ára og einnig minnkar notkun jarðefnaeldsneytis talsvert.

Sjálfbærniuppgjör er mikilvægur þáttur í rekstri sveitarfélagsins og leggur sjálfbærnisráð áherslu á að því verði haldið áfram.

### 7. Sveitarstjórnarkosningar (2026010121)

Sjálfbærnisráð hefur gefið út tvær kosningaskýrslur tengdar fyrirkomulagi kosninga og aukinni kosningaþátttöku. Kosningaþátttaka jókst lítillega í sveitarstjórnarkosningunum nú frá kosningunum 2022 eða um tæpar 5 prósentustig, úr 47,1% í 51,6%. Reykjanesbær fjölgaði kjörstöðum úr einum í þrjá til að auka kosningaþátttöku auk þess sem haldnar voru vinnustofur fyrir íbúa af erlendum uppruna. Mikilvægt er að unnið verði áfram með greiningar á kosningaþátttöku til að efla áhuga íbúa á kosningum.

Sjálfbærniráð vísar málinu til persónuverndarfulltrúa sem fór með verkefnastjórn vegna sveitarstjórnarkosninganna.

**8. Samskipti við ríki og sveitarfélög (2025090369)**

Sjálfbærniráð hvetur til aukinna samskipta og/eða rýni á útgefnum grænbókum og hvítbókum ríkisins hvað varðar verkefni sveitarfélaga.

**9. Sjálfbærnimál á vef Reykjanesbæjar (2024090584)**

Deildarstjóra umhverfismála er falið að koma sjálfbærniuppgjörum og mælaborðum sjálfbærnimála á vef Reykjanesbæjar til að auka gegnsæi sjálfbærnimála fyrir íbúa sveitarfélagsins.

**10. Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjanesbæjar (2020021391)**

Deildarstjóra umhverfismála er falið að halda áfram með málið í samræmi við umræður á fundinum og bókun í lið 4 í þessari fundargerð. Stefnan þarf að taka til UFS þátta: umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttanna með tímasettri aðgerðaáætlun, ábyrgðaraðila og fjármögnun.

Sjálfbærniráð telur mikilvægt að sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi í allri vinnu Reykjanesbæjar í samræmi við kröfur um nútímasveitarfélög.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:26.